

REGLUGERÐ

um starfrækslu fjarstýrðra loftfara

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Markmið.

Með reglugerð þessari eru settar reglur um starfrækslu fjarstýrðra loftfara með það að markmiði að tryggja flugöryggi og öryggi og réttindi borgaranna.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um flug fjarstýrðra loftfara á Íslandi og innan íslenskrar lofthelgi. Undanþegin gildissviði reglugerðar þessarar eru loftför sem vega minna en 250 g.

3. gr.

Orðskýringar.

Fjarstýrt loftfar (dróni eða flugmódel): Ómannað loftfar sem er fjarstýrt þ.e. flogið með notkun fjarstýribúnaðar.

Flug fjarstýrðra loftfara í tómstundaskyni: Flug sem stundað er til tómstunda eða keppnisflug.

Umráðandi (Operator): Einstaklingur eða lögaðili sem hefur fjarstýrt loftfar til ráðstöfunar.

Fjarflugmaður (Remote pilot): Einstaklingur sem stjórnar fjarstýrðu loftfari með notkun fjarstýribúnaðar.

Umsjónarmaður fjarstýrðs loftfars (RPA observer): Einstaklingur sem aðstoðar fjarflugmann við örugga framkvæmd flugs með því að halda beinu sjónrænu sambandi við fjarstýrða loftfarið á flugi.

Flug í augsyn fjarflugmanns (Visual line of sight – VLOS operations): Notkun þar sem fjarflugmaður eða umsjónarmaður fjarstýrðs loftfars heldur beinu sjónrænu sambandi við fjarstýrða loftfarið án hjálparbúnaðar.

Flug úr augsyn fjarflugmanns (Beyond visual line of sight – BVLOS operations): Notkun þar sem fjarflugmaður eða umsjónarmaður fjarstýrðs loftfars heldur ekki beinu sjónrænu sambandi við fjarstýrða loftfarið.

Svæðishindranir (Geofencing): Virkni sem takmarkar aðgang hins fjarstýrða loftfars að tilteknum svæðum eða loftrými þar sem landfræðilegar takmarkanir eru byggðar á staðsetningu og leiðsögugögnum fjarstýrða loftfarsins.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Hámarksþyngd (Maximum take off mass): Heildarþyngd loftfars með farni

Flugmálahandbók (Aeronautical Information Publication - AIP): Handbók sem gefin er út í umboði ríkis og inniheldur varanlegar flugmálaupplýsingar sem nauðsynlegar eru við flugleiðsögu. Flugmálahandbók Íslands er að finna á vef Samgöngustofu: <http://eaip.samgongustofa.is/>.

4. gr.

Lögbært yfirvald og framkvæmd.

Samgöngustofa sér um veitingu leyfa og undanþága samkvæmt 17. og 18. gr. reglugerðar þessarar og hefur eftirlit með því að handhafar þeirra leyfa og undanþága starfi innan ramma þeirra.

5. gr.

Ábyrgð umráðanda.

Umráðandi fjarstýrðs loftfars er ábyrgur fyrir því að fylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar. Umráðandi fjarstýrðs loftfars er ábyrgur fyrir því tjóni sem hlotist getur af notkun tækisins.

6. gr.

Tilkynningarskylda slysa og/eða flugatvika.

Slys og alvarleg flugatvik sem verða vegna notkunar fjarstýrðra loftfara skulu tilkynnt í samræmi við gildandi reglur um tilkynningarskyldu flugslysa og atvika í almenningsflugi.

7. gr

Tíðni- og tækniröfur.

Fjarstýribúnaður fjarstýrðra loftfara, sem ekki starfar á opnu og samræmdu tíðnisviði samkvæmt tíðniskipulagi Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við þær tækniröfur sem þar eru tilgreindar, er háður leyfi frá Póst- og fjarskiptastofnun samkvæmt 62. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003. Allur slíkur búnaður, hvort sem hann er leyfisskyldur eður ei, skal uppfylla grunnkröfur um tæknilega eiginleika og vera CE- merktur því til staðfestingar samkvæmt 65. gr. laganna.

Sé búið að taka frá sérstök tíðnisvið fyrir fjarskipti við fjarstýrð loftför skal nota þau. Að öðrum kosti skal nota tíðnir samþykktar af Póst- og fjarskiptastofnun. Sé hægt að trufla tíðnina sem notuð er skal tíðniskanna starfrækslusvæðið áður en flug á sér stað.

8. gr. *Tryggingar.*

Umráðandi fjarstýrðs loftfars með hámarkspunga 20 kg eða meira skal taka og viðhalda váttryggingu til greiðslu skaðabóta í samræmi við reglugerð um skylduváttryggingar loftfara.

Umráðandi fjarstýrðs loftfars, sem hefur fengið útgefna undanþágu skv. 18. gr. skal óháð þyngd loftfarsins taka og viðhalda váttryggingu til greiðslu skaðabóta.

9. gr. *Auðkenning fjarstýrðra loftfara.*

Fjarstýrð loftför skulu auðkennd með nafni, heimilisfangi og símanúmeri umráðanda.

10. *Almennar tilvísanir til annarra laga og reglna.*

Um heimildir til vinnslu persónuupplýsinga með notkun fjarstýrðra loftfara fer eftir lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Um heimildir til flugs í grennd við íbúðarhúsnaði eða annars staðar þar sem fólk dvelst, gilda almennar reglur um vernd eignarréttar, friðhelgi einkalífs og persónuverndar.

Almenn skilyrði fyrir notkun fjarstýrðra loftfara.

11. gr.

Notkun fjarstýrðra loftfara.

Heimilt er að starfrækja fjarstýrð loftför, sem veга að hámarki 25 kg að hámarksþyngd, að uppfylltum skilyrðum II. kafla reglugerðar þessarar. Fyrir loftför þyngri en 25 kg að hámarksþyngd þarf leyfi Samgöngustofu sbr. 17. gr.

Umráðandi skal tryggja að notkun fjarstýrðra loftfara skaði ekki fólk og dýr eða valdi tjóni á eignum. Í þessu skyni skal áður en flug er framkvæmt, skilgreina starfrækslusvæði þannig að tryggð sé nægjanleg fjarlægð frá fólki, dýrum og eignum.

Taka skal tillit til aðstæðna og umhverfis t.d. vegna hindrana, tíðni stjórnækja, veðurs o.fl.

Óheimilt er að starfrækja ómönnuð loftför undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Fjarflugmaður skal hafa þekkingu á virkni og stjórnun loftfarsins og fullvissa sig um að flugið geti verið starfrækt með öruggum hætti, m.a. með tilliti til gildandi flugreglna.

Sé fjarstýrt loftfar útbúið sjálfstýringu skal ávallt vera hægt að taka yfir stjórn loftfarsins í því skyni að forða árekstrum, t.d. við önnur loftför, fólk eða byggingar.

12. gr.

Takmarkanir á flugi fjarstýrðra loftfara.

1. Ekki er heimilt að fljúga fjarstýrðu loftfari yfir mannfjölda.
2. Innan þéttbýlis er eingöngu heimilt að fljúga fjarstýrðu loftfari sem vegur að hámarki 3 kg.
3. Utan þéttbýlis er heimilt að fljúga fjarstýrðu loftfari sem vegur að hámarki 25 kg.
4. Fylgja skal fyrirmælum, takmörkunum og banni flugumferðarþjónustu, lögreglu, Samgöngustofu sem og annarra yfirvalda um flug fjarstýrðra loftfara á tilteknum svæðum, þ. á m. takmörkunum sem settar eru innan friðlýstra svæða á grundvelli laga um náttúruvernd eða á grundvelli sérlaga sem um viðkomandi svæði kunna að gilda.
5. Samgöngustofu er heimilt að skilgreina tiltekin svæði, þ.á m. svæði innan þéttbýlis, sem svæði þar sem bannað er að fljúga fjarstýrðu loftfari og skulu þau svæði auglýst á vef Samgöngustofu. Samgöngustofu er heimilt að kveða á um að búnaður fyrir svæðishindranir skuli vera virkur ef flogið er á tilteknum svæðum.
6. Taka skal tillit til takmarkana sem settar eru fram í flugmálahandbók (sjá eaip.samgongustofa.is).
7. Taka skal tillit til allrar flugumferðar. Fylgjast skal með loftrými þar sem flug á sér stað svo að hægt sé að stöðva flug/víkja ef önnur loftför nálgast rýmið.
8. Ekki er heimilt að fljúga loftfari í meiri hæð en 130 m yfir láði og legi. Ef búnaður til takmörkunar á flughæð er í loftfarinu skal forrita loftfarið til að fara ekki hærra en 130 m.
9. Flug fjarstýrðra loftfara skal ávallt fara fram í auglýstun fjarflugmanns eða umsjónarmanns fjarstýrðs loftfars.

10. Leyfi rekstraraðila flugvallar þarf til þess að fljúga fjarstýrðu loftfari innan flugvallasvæða.
11. Leyfi rekstraraðila flugvallar þarf til þess að fljúga fjarstýrðu loftfari innan:
 - (a) 4 km frá svæðamörkum Keflavíkurlugvallar og Reykjavíkurlugvallar,
 - (b) 1,5 km frá svæðamörkum annarra áætlunarflugvalla,að því undanskildu að loftfarinu sé flogið undir hæð hæstu mannvirkja í næsta nágrenni við flugferil loftfarsins.

Upplýsingar um svæðamörk flugbrauta og áætlunarflugvelli er að finna á vef Samgöngustofu.
12. Í kringum flugbrautir annarra flugvalla og landingarstaða skal sýna ýrtruðu varkárni og gæta fyllsta öryggis. Fjarstýrð loftför skulu ávallt víkja fyrir annarri flugumferð.
13. Ekki er heimilt að fljúga innan 150 metra fjarlægðar frá opinberum byggingum s.s. Alþingi, forsetabústað, ráðuneytum, lögreglustöðvum og fangelsum.
14. Lögregla og aðrir viðbragðsaðilar almannavarna eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð nr. 100/2009 um skipulag og störf stjórnar samhæfingar- og stjórnstöðvar og viðbragðsaðila almannavarna, eru undanþegnir takmörkunum í 1.- 3., 8.- 9. og 13 tl.

13. gr.

Fjarflugmaður og umsjónarmaður fjarstýrðs loftfars.

Fjarflugmaður skal hafa þekkingu á virkni og stjórnun loftfarsins og fullvissa sig um að flugið geti verið starfrækt með öruggum hætti, hann skal m.a. hafa kunnáttu til að bregðast við vegna nauðlendingar loftfars. Umsjónarmaður fjarstýrðs loftfars skal hafa þekkingu og hæfni til þess að aðstoða fjarflugmann við örugga framkvæmd flugs.

Samgöngustofu er heimilt að kveða á um að fjarflugmaður og/eða umsjónarmaður fjarstýrðs loftfars hafi lokið tiltekinni þjálfun/námskeiði í tengslum við starfrækslu loftfarsins og að þeir hafi staðist próf til staðfestingar hæfni sinni.

Við mat Samgöngustofu á því hvort hæfni og kunnáttu fjarflugmanns og/eða umsjónarmanns er fullnægjandi er heimilt að taka tillit til þess ef fjarflugmaður er handhafi einhverra eftirtalinna skírteina fyrir flugvél eða þyrlu: flugmannsskírteinis, létt loftför (LAPL), einkaflugmannsskírteinis (PPL), atvinnuflugmannsskírteinis (CPL), eða atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL).

Samgöngustofu er heimilt að viðurkenna þjálfunaraðila skv. 3. mgr.

Staðfesting þjálfunaraðila sem viðurkenndur hefur verið í öðru EES ríki, á hæfni fjarflugmanns og/eða umsjónarmanns, skal að jafnaði teljast fullnægjandi.

III. KAFLI.

Sérstök skilyrði fyrir notkun fjarstýrðra loftfara sem ekki er flogið í tómstundaskyni.

14. gr.

Tilkynningar til Samgöngustofu.

Umráðendur fjarstýrðra loftfara með hámarksþyngd allt að 25 kg og sem ekki er flogið í tómstundaskyni skulu senda Samgöngustofu eftirfarandi upplýsingar áður en notkun þeirra hefst í fyrsta skipti:

- upplýsingar um umráðanda,
- upplýsingar um loftfarið,
- upplýsingar um fyrirhugaða notkun,
- upplýsingar um hvort fyrirhugað er að fljúga í þéttbýli.

Breytingar á notkun skulu tilkynntar Samgöngustofu áður en þær koma til framkvæmda.

15. gr.

Flugdagbækur.

Allt flug sem ekki er í tómstundaskyni skal skrá í flugdagbók. Skráningin skal innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

- a) dagsetningu flugs,
- b) staðsetningu flugs
- c) framleiðanda og tegund loftfars
- b) fjarflugmann loftfars,
- c) auðkenni loftfars,
- d) flugtaks- og landingartíma,
- e) heildarflugtíma,
- f) tegund verkefnis og frávik ef við á.

Geyma þarf flugupplýsingar í þrjú ár.

16. gr.

Notkun fjarstýrðra loftfara innan þéttbýlis.

Innan þéttbýlis er heimilt að fljúga fjarstýrðu loftfari sem vegur 7 kg eða minna að hámarksþyngd og ekki er flogið í tómstundaskyni. Áður en slíkt flug á sér stað skal umráðandi gera öryggismat, þar sem áhætta af þeirri tegund starfsemi sem hann hyggst framkvæma, er metin og viðeigandi mildunarráðstafanir eru útfærðar og þeim komið í framkvæmd. Öryggismatið skal

innihalda að lágmarki: a. lýsingu á því hvernig tryggt sé að flugið eigi sér stað eingöngu innan skilgreinds svæðis (bæði lárétt og lóðrétt), b. lýsingu á því hvernig aðskilnaður frá öðrum loftförum verður tryggður, c. lýsingu á því hvernig brugðist verður við óvæntum aðstæðum svo sem eins og bilun í fjarskiptabúnaði og sjónarmissi. Upplýsingar þær sem kveðið er á um í málsgreininni skal varðveita í a.m.k. þrjá mánuði eftir að umráðandi hefur hætt starfsemi og skal komið á framfæri við Samgöngustofu óski stofnunarinnar.

17. gr.

Leyfi vegna notkunar fjarstýrðra loftfara yfir 25 kg.

Leyfi Samgöngustofu þarf til notkunar fjarstýrðra loftfara sem veiga meira en 25 kg að hámarksþyngd. Samgöngustofa setur nánari skilyrði leyfis, sbr. viðauka við reglugerðina.

IV. KAFLI

Önnur ákvæði

18. gr.

Undanþágur.

Að því er varðar fjarstýrð loftför sem ekki eru starfrækt í tómstundaskyni og að því gefnu að öryggi sé ekki stefnt í hættu getur Samgöngustofu veitt undanþágur frá takmörkunum í 12. gr. reglugerðarinnar og frá þyngdartakmörkunum í 16. gr.

Áður en Samgöngustofa heimilar undanþágur samkvæmt grein þessari skal umsækjandi koma eftirfarandi gögnum á framfæri við Samgöngustofu:

a. öryggismati fyrir þá notkun sem fyrirhuguð er, þ. á m. lýsingu á þeim ráðstöfunum eða mildunaraðgerðum sem gerðar eru til að tryggja ásættanlega áhættu við notkunina.

Öryggismatið skal innihalda að lágmarki:

- i. lýsingu á því hvernig tryggt sé að flugið eigi sér stað eingöngu innan skilgreinds svæðis (bæði lárétt og lóðrétt) sem óskað er eftir fyrir notkunina,
- ii. lýsingu á því hvernig aðskilnaður/fjarlægð frá öðrum loftförum verður tryggður,
- iii. lýsingu á því hvernig brugðist verður við óvæntum aðstæðum svo sem eins og við bilun í fjarskiptabúnaði eða sjónarmissi;

b. rekstrarhandbók/þar sem fram kemur verklag sem lýsir bæði venjubundinni notkun og einnig verklagi þegar bilun kann að koma upp sem og neyðaráætlun vegna nauðlendingar;

- c. staðfestingu frá lögreglustjóra og umráðanda landsvæðis sem fljúga á yfir um að ekki sé gerð athugasemd við fyrirhugað flug;
- d. staðfestingu á tryggingum;
- e. lýsingu á tækjum og búnaði sem notast skal við;
- f. lýsingu og kort af því svæði sem fljúga á yfir, þ.m.t. því loftrými sem óskað er eftir að fljúga innan (hliðar- og hæðarmörk);
- g. lýsingu á þeirri starfrækslu sem óskað er leyfis fyrir;
- h. upplýsingar um hæfni og þjálfun fjarflugmanns og/eða umsjónarmanns fjarstýrðs loftfars.

19. gr.

Gjaldtaka.

Samgöngustofa innheimtir gjald vegna útgáfu leyfa og undanþága í samræmi við gjaldskrá stofnunarinnar

20. gr.

Kæruheimild.

Ákvarðanir Samgöngustofu eru kæránlegar til ráðherra í samræmi við ákvæði stjórnisýslulaga og laga um Samgöngustofu.

21. gr.

Viðurlög

Brjótí umráðandi gegn skilyrðum undanþágu eða leyfis sem Samgöngustofa hefur gefið út, getur Samgöngustofa afturkallað undanþáguna eða leyfið. Samgöngustofa getur lagt dagsektir eða féviti á handahafa leyfis eða undanþágu sem brýtur gegn ákvæðum þeirra, sbr. 3. mgr. 136. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum eða fangelsi allt að fimm árum, sbr. 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.

22. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir, öðlast þegar gildi.

DRÖÖGG

Viðauki

Gögn sem fylgja skulu umsókn um leyfi til notkunar fjarstýrðra loftfara yfir 25 kg.

Þegar sótt er um leyfi til notkunar, skulu eftirfarandi upplýsingar fylgja:

- nafn, kennitala, lögheimili, símanúmer og netfang umsækjanda og eða fyrirtækis sem hyggst starfrækja loftfarið;
- lýsing á skipulagi og stjórnun sem nauðsynleg er, auk ferilsskráa ábyrgðarmanna starfrækslu, flugrekstrar, lofthæfi- viðhaldsmála og fjarflugmanna loftfars;
- lýsing á þeirri notkun sem óskað er leyfis fyrir;
- lýsing á tækjum og búnaði sem notast á við;
- staðfesting á tryggingum;
- lýsing á þeim svæðum eða flokkum loftrýmis þar sem fyrirhugað er að starfrækja fjarstýrt loftfars;
- myndir af loftfarinu;
- upplýsingar sem krafist er að séu í rekstrar- og viðhaldshandbók skv. ákvæðum reglugerðarinnar
- lýsing á varakefi loftfarsins;
- áhættumat fyrir þá notkun sem óskað er leyfis fyrir, þ. á m. lýsingu á þeim ráðstöfunum eða mildunaraðgerðum sem gerðar eru til að tryggja ásættanlega áhættu við notkunina. Áhættumatið skal innihalda að lágmarki:
 - a. lýsingu á því hvernig tryggt sé að flugið eigi sér stað eingöngu innan skilgreinds svæðis (bæði lárétt og lóðrétt) sem óskað er eftir fyrir notkunina,
 - b. lýsingu á því hvernig aðskilnaður frá öðrum loftförum verður tryggður,
 - c. lýsingu á því hvernig brugðist verður við óvæntum aðstæðum svo sem eins og við bilun í fjarskiptabúnaði eða sjónarmissi;
- upplýsingar um ábyrgðarmann starfrækslu;
- upplýsingar um ábyrgðarmann flugrekstrar;
- upplýsingar um ábyrgðarmann lofthæfi- og viðhaldsmála;
- rekstrar- og viðhaldshandbók.

Númer leyfis verður sent umsækjanda þegar leyfi hefur verið samþykkt. Loftfar skal merkt með númeri.

DRÖÖGG